

Rangárþing ytra
Ágúst Sigurðsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 9. maí 2016
Tilvísun: 201604041 / 5.2

Efni: Hvammsvirkjun, mat á umhverfisáhrifum: ferðapjónusta og útivist og landslag og ásýnd - beiðni um umsögn

Landsvirkjun hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttokin 6. maí 2016, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir að Rangárþing ytra gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort umsagnaraðili geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 27. maí 2016 og einnig á tölvupóstfang: valur@skipulag.is og jakob@skipulag.is.


Valur Klemensson

Umsagnaraðilar: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Rangárþing ytra, Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.